



# SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA

Association of Icelandic Insurance Companies

S/53

Alþingi,  
allsherjarnefnd,  
nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík.

*Alþingi*  
*Erindi nr. P/27/1058*  
*komudagur 8.3.2002*

Suðurlandsbraut 6  
108 Reykjavík  
Sími/Tel.: +354-568 1612  
Bréfsími/Fax: +354-568 9664

7. febrúar 2002

## Um frumvarp til breytinga á umferðarlögum nr. 50/1987, 140. mál.

Með bréfi allsherjarnefndar Alþingis, dags. 22. febrúar sl., var þess farið á leit að Samband íslenskra tryggingafélaga (SÍT) gæfi umsögn um ofangreint þingmál. Hér er í hnotskurn lagt til, að umferðarlögum verði breytt á þann veg, að meginreglan verði sú, að heimilt skuli að taka hægri beygju á móti rauðu ljósi. Vegna þessa máls skal eftirfarandi atriðum hreyft:

Efnislega samhljóða mál hafa verið flutt á Alþingi áður, en þá í formi þingsályktunartillagna. Í þeim tilvikum hefur SÍT lagst gegn þessum hugmyndum, enda engin haldbær rök verið færð af flutningsmönnum fyrir nauðsyn breytinga af þessu tagi.

Í greinargerð þeirri, sem fylgir frumvarpinu nú, er heldur ekki að finna röksemdir, sem styðja svo veigamikla breytingu á umferðarlöggjöfnni. Raunar er þar að finna mótsagnir í röksemdafærslu flutningsmanna. Þannig virðast þeir einkum leggja áherslu á nauðsyn þessara breytinga með því, að þá þurfi öikumenn ekki að bíða á móti rauðu ljósi, þegar umferð er lítil sem engin. Skömmu síðar segja þeir hins vegar að breytingin sé til þess fallin að losa um umferðarteppu á álagstímum!

Umferðaróhöpp við ljósastýrð gatnamót eru afar algeng hér á landi. Er ljóst, að nái þetta frumvarp fram að ganga, verður það til að gera slæmt ástand verra. Einu úrræðin, sem gætu bætt ástandið í þessum efnum, eru betri hönnun og frágangur á gatnamótum, þ.m.t. fjölgun afreina. Lagt er til að skipulega verði í það verkefni ráðist

Samband íslenskra tryggingafélaga lýsir sig andsnúið efni þessa frumvarps.

Með vinsemd og virðingu,  
SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA

  
Sigmar Ármannsson